

Skólaráðsfundur 14.febrúar 2023

Mættir eru: Lís Greipsson, Petra Eiríksdóttir, Dóra Lind Pálmarsdóttir, Hildur Snorradóttir, Sara María Ingólfssdóttir, Steinunn Þorkelsdóttir, Ásdís Valsdóttir, Tinna Rún Eiríksdóttir og Erla Björnsdóttir.

Fundarritari: Erla Björnsdóttir

Fundur hefst kl. 16:30

1. Skóladagatal leikskólans 2023-2024, Tinna Rún deildarstjóri Höfðabergs kynnrir. Um er að ræða fimm starfsdaga. Tveir eru fastir með öðrum leikskólum bæjarins og grunnskólum. Föstu dagarnir eru 28. september er Menntakvika og 2.janúar. Aðrir dagar eru 27.október, 19.febrúar og 26.apríl. Nýjung er svo að á fyrsta degi að hausti 8.ágúst sé opnað kl. 10:00 en ekki 8:00 en að fenginni reynslu þarf mikið að rúttu til í leikskólanum eftir sumarfrí auk þess sem verið er að taka á móti nýju starfsfólki, nýjum börnum og fleira sem gott er að hafa betri tíma til.
2. Lís fer yfir skóladagatal grunnskólans. Hún fer yfir starfsdaga skólans sem eru fastir dagar 28.september (Menntakvika), 25.október sem er dagurinn áður en fyrra vetrarfrí hefst. Foreldraviðtöl eru 6.nóvember og 8.febrúar. Jólaleyfi hefst 21.desember. Starfsdagur er svo aftur 3.janúar. Vetrarfrí á vorönn er 19. og 20.febrúar. Aðrir starfsdagar eru 26.apríl og 21.maí. Lís fer einnig yfir skóladagatal frístundar en þar kemur fram hvenær frístund er opin á starfsdögum og hvenær ekki. Það er aðallega gert til að foreldrar hafi betri yfirsýn yfir þjónustu frístundar.
3. Erindi frá foreldrafélagi v/frístundar. Sagt frá umræðu sem nefndarmenn í foreldrafélagi varð vör við á foreldrasíðum árganga. Þar var umræðan neikvæð og fólk heilt yfir ósátt og finnst frístundarstarfið heldur metnaðarlaust. Nefndarmenn gerðu óformlega könnun á þessu með því að mæta fyrr og taka stöðuna og gátu þau verið sammála um það sem fram kom í umræðunum á síðunum. Um er að ræða afskiptaleysi starfsfólks, mikil skjánotkun t.d. youtube og tiktok, símanotkun starfsfólks og börn ekki kvöð þegar þau fara og lítið fylgst með hverjir fara. Lítið úrval í vali (2-4 viðfangsefni í boði) sem þeim finnst lítið miðað við fjölda barna. Lítið sást til forstöðumanns þegar foreldrar voru að sækja en áberandi var að starfsfólk var minna í símanum og var virkara þegar hann var við. Foreldrafélag sendi fyrirspurn til forstöðumanns frístundar og spurði m.a. um viðveru forstöðumanns, stefnu í skjánotkun starfsmanna, stefnu í skjánotkun barnanna á frístundatíma, úrval í vali – hver er stefnan þar? Fengu svar frá forstöðumanni og það breyttist því miður lítið í kjölfarið, m.a. jókst viðvera forstöðumanns en því miður virðist lítið hafa breyst varðandi úrval í vali, skjánotkun er enn mikil og viðhorf starfsmanna svipað þar sem þau virðast því miður hafa lítinn áhuga á að vera með börnunum. Svo það komi fram þá eru auðvitað starfsmenn í frístundinni sem bera af og eru mjög virkir og taka vel á móti börnum og foreldrum. Einnig er mikil ánægja með íþróttablöndu.
4. Lesfiminidurstöður janúar – Lís fer yfir. Erum yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum í september og erum ennþá yfir allsstaðar í janúar og erum einnig með mjög góða þátttöku í lesfimiþrófunum. Mjög góðar framfarir á lesfiminni í janúar frá því í september sem má þakka góðu samstarfi milli heimilis og skóla.
5. Önnur mál
 - a. Ræsting – fyrirspurn Petra Eiríksdóttir frá foreldrafélagi varðandi stöðuna á ræstingu skólans. Foreldrar almennt mjög óánægðir með ræstingu í skólanum. Lís byrjar á að segja frá því að Lágafellsskóli var eini skólinn í Mosfellsbæ sem

var með eigið starfsfólk í ræstingu sem þótti of dýrt í rekstri. Í haust (2022) var því hætt og farið í að nýta ræstingaþjónustu utan úr bæ að ósk bæjarins. Nú er ræsting að fara í útboð hjá öllum bænum og er verið að bíða eftir því að sjá hvað kemur út úr því. Foreldrafélagið hefur þær upplýsingar líka frá kennurum á yngsta stigi að t.d. salerni séu ekki eða mjög illa þrifu. Skólastjóri hefur ítrekað sent inn ábendingar en því miður lítið breyst. Hugmynd frá foreldrafélagi að athuga hvort hægt sé að skoða ákvæði í samningi um að halda eftir greiðslum á meðan engar úrbætur eru gerðar á þrifunum. Hvort það hafi meiri áhrif og einhverjar breytingar verði. Nemendur eru sammála um að illa sé þrifið og að salerni séu mjög skítug bæði frammi og í stofum.

- b. Foreldraviðtöl – nemendastýrð. Nemendur voru spurðir hvað þeim fannst og svöruðu einhverjir að þeim hafi fundist þetta vandræðalegt og erfitt og þeir vildu þetta helst ekki aftur. Öðrum nemendum fannst þetta mjög gott og kennarar upplifðu að nemendur hefðu verið mjög heiðarlegir og opnir og upplifun þeirra að nemendum þætti þetta árangursríkara.

Fundi slitið kl. 18:00